



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 35/2011 varðandi kostnaðargreiningu
Símans hf. á gjaldskrár fyrir leigulínur
(markaðir 13 og 14)**

Desember 2011

**EFNISYFIRLIT**

	Bls.
1 Málsvik.....	3
1.1 Inngangur.....	3
1.2 Ákvörðun PFS nr. 20/2007.....	3
1.2.1 Markaður 13: Heildsala lúkningarhluta leigulína.....	3
1.2.2 Markaður 14: Heildsala stofnlínuhluta leigulína.....	3
1.2.3 Álagðar kvaðir á Símann á heildsölumörkuðum leigulína.....	4
2 Kostnaðargreining Símans.....	5
2.1 Endurskoðuð kostnaðargreining - Stofnlínuhluti leigulína (markaður 14).....	5
2.1.1 Forsendur.....	5
2.1.2 Niðurstaða Símans um nýja stofnlínu gjaldskrá.....	6
2.2 Endurskoðuð kostnaðargreining - Lúkningarhluti leigulína (markaður 13).....	7
3 Niðurstaða PFS.....	9
3.1 Inngangur.....	9
3.2 Niðurstaða.....	10
3.2.1 Almenn.....	10
3.2.2 Ávöxtunarkarfa fjármagns (WACC).....	10
3.2.3 Verð Símans fyrir stofnlínuhluta leigulína.....	11
3.2.4 Verð Símans fyrir lúkningarhluta leigulína.....	11



1 Málsvatik

1.1 Inngangur

Kostnaðargreining Símans hf. (Síminn) á leigulínum (markaðir 13-14) sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), nr. 20/2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða m.a. á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13)¹ og stofnlínuhluta (*trunk*) leigulína (markaður 14)².

Núverandi gjaldskrá Símans byggir annars vegar á endursölu á þjónustu Mílu (markaður 13) og hins vegar á kostnaðargreindum verðum Símans frá mars 2009 (markaður 14) í samræmi við kostnaðarlíkan sem unnið var í samstarfi við Analysys Mason (AM).

1.2 Ákvörðun PFS nr. 20/2007

Í ákvörðun sinni, dags. 14. september 2007, nr. 20/2007, komst PFS að þeirri niðurstöðu að skilgreiningar á mörkuðum 7, 13 og 14 sem fram koma í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)³ ættu við á hér á landi.

PFS ákvað að útnefna Símann með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7)
- Heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13).
- Heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14).

1.2.1 Markaður 13: Heildsala lúkningarluta leigulína⁴

Hér er átt við sambönd sem leigð eru öðrum fjarskiptafyrirtækjum og gera þeim kleift að veita þjónustu á ýmsum smásölumörkuðum eins og t.d. talsímaþjónusta, internetaðgangur og gagnaflutningur. Leigulínur af þessu tagi gera fjarskiptafyrirtækjum sem ekki hafa yfir að ráða lúkningarluta leigulína mögulegt að veita notendum þjónustu.

Um er að ræða hefðbundnar notendalínur (hliðrænar), Ethernet tengingar (EyK) og ljóslínur frá nettengipunkti að næstu símsstöð, sem Síminn endurselur frá Mílu.

1.2.2 Markaður 14: Heildsala stofnlínuhluta leigulína⁵

Hér er átt við flutningsgetu sem seld er fjarskiptafyrirtækjum til að tengja saman net þeirra og dreifingarstaði.

Síminn rekur leigulínur sem teljast til samskiptareglna á markaði 14 (IP/MPLS og ATM).

¹ Wholesale terminating segments of leased lines.

² Wholesale trunk segments of leased lines.

³ Sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði frá 16. júní 2004.

⁴ Markaður 13 er nú markaður 6 sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði.

⁵ Markaður 14 er ekki skilgreindur í nýjum tilmælum EFTA frá 5. nóvember 2008, en er í gildi þar til PFS kemst að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni ríki í kjölfar nýrrar markaðsgreiningar.



1.2.3 Álagðar kvaðir á Símann á heildsölumörkuðum leigulína

Með ákvörðuninni voru lagðar eftirfarandi kvaðir á Símann á mörkuðum 13 og 14.

- Kvöð um að veita aðgang að leigulínuneti
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- Kvöð um eftirlit með gjaldsskrá

Eftirfarandi kemur m.a. fram í kvöð um eftirlit með gjaldsskrá.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann um eftirlit með gjaldsskrá vegna stofnlínu- og lúkningarluta leigulína. Síminn skyldi halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Síminn geti sýnt fram á að gjaldsskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. orsakasamhengi. Síminn skyldi afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi stofnlínu- og lúkningarluta leigulína og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Til að fylgjast með breytingum á gjaldsskrá taldi PFS rétt að setja það skilyrði að allar breytingar á gjaldsskrá Símans þyrfti að tilkynna til PFS og myndu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.



2 Kostnaðargreining Símans

Síminn sendi PFS endurskoðað líkan vegna kostnaðargreiningar á stofnlínuhluta leigulína (markaður 14) og uppfærð endursöluverð Mílu (markaður 13), dags. 20. október sl.

Síminn vísaði til bréfs PFS, dags. 1. júní sl., þar sem stofnunin óskaði eftir að Síminn uppfærði kostnaðargreiningu fyrir IP/ATM stofnlínur (markaður 14) miðað við árið 2010 og m.t.t. leigulínugjaldskrár Mílu sem fyrirhugað væri að tæki gildi 1. ágúst 2011. Auk þess sem Síminn endurskoðaði gjaldskrá fyrir lúkningshluta leigulína (markaður 13). PFS hefði veitt Símanum frest til 15. október sl.

2.1 Endurskoðuð kostnaðargreining - Stofnlínuhluti leigulína (markaður 14)

2.1.1 Forsendur

Síminn sendi upphaflega kostnaðargreiningu til PFS vegna markaðar 14 í mars 2009. Við endurskoðun gjaldskrár Símans er notast við sama reiknilíkan og í kostnaðargreiningunni frá árinu 2009 og það uppfært miðað við forsendur ársins 2010.

Kostnaðargreining Símans á stofnlínuhluta leigulína byggir á eftirfarandi meginforsendum:

1. Sögulegur kostnaður (*top-down model*) sem byggir á fjárhagsárinu 2010.
2. Byggt er á „*Fully Allocated Cost*“ (*FAC*) líkani sem aftur byggir svo til alfarið á bókhaldsgögnum frá Símanum.
3. Byrjar með bókhaldslegri aðgreiningu þar sem áhersla er lögð á heildsölu leigulínuþjónustu, eignabókhaldi Símans og kostnaði úr bókhaldkerfi Símans þar sem rekstrarkostnaður er skráður á bókhaldslykla.
4. Allur kostnaður er færður á þjónustuþætti samkvæmt líkani sem AM hefur útbúið.
5. Allur kostnaður er jafnaður á móti seldu magni (fjöldi sambanda og km*bitar) fyrir hvern þjónustuþátt.
6. Fangar heildsölu kostnað kerfisins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
7. Bókfærðar fjárfestingar (*GBV*⁶) í eignakerfi Símans fyrir leigulínur eru framreiknaðar með neysluverðsvísitölu til meðalverðlags ársins 2010.
8. Notast er við verðbreytinga árgreiðsluáðferðina (*tilted annuity depreciation method*) Miðað er við -2% raun verðbreytingu (*tilt*) vegna fjárfestinga sem tengjast leigulínum.
9. Innifelur raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar Raunávöxtunarkrafan fyrir árið 2010 er 8,52% (*WACC real*).
10. Leigulínuverðskrá Mílu, dags. 1. ágúst 2011, sem byggir á forsendum ársins 2010.

⁶ Gross book value.



2.1.2 Niðurstaða Símans um nýja stofnlínu gjaldskrá

Fram kom hjá Símanum að ný verðskrá fyrir leigulínur Mílu tók gildi í ágúst sl. Helsta breytingin væri sú að í stað raunlínúmælinga þá kæmi beinlínúmæling (loftlína), auk þess sem breyting hefði orðið á mánaðargöldum og kílómetragjöldum Mílu. Breyting Mílu hefði áhrif á verð Símans fyrir stofnlínur.

Eftirfarandi tafla sýndi ný kostnaðarverð IP og ATM sambanda hjá Símanum þar sem tekið væri mið af forsendum ársins 2010 og breytinga á verðskrá Mílu í ágúst sl.

[...]⁷

Fram kom hjá Símanum að hafa þyrfti í huga að stofnlínugjaldskrá Símans væri frábrugðin gjaldskrá Mílu að því leyti að Síminn þarf að reikna beinlínuverð á milli einstakra hnútpunkta á viðkomandi leið í stað þess að mæla eingöngu upphafs- og lokapunkt eins og Míla gerir.

Síminn nefnir sem dæmi að samkvæmt gjaldskrá Mílu væri stofnlína Reykjavík-Akureyri um 248 km. Sambærileg stofnlína hjá Símanum væri um 302 km. Samband Símans þarf að hafa viðkomu í þremur hnútpunktum á leiðinni (Borgarnes, Búðardalur og Sauðárkrókur), og mældist því ekki eins og bein lína á milli Reykjavíkur - Akureyri með sama hætti og skv. gjaldskrá Mílu.

Fram kom hjá Símanum að mánaðargjöld á ATM stofnlínum væru að lækka og kílómetragjöld að hækka. Helstu ástæður fyrir breytingunni væri sú að gjaldskrá Mílu fyrir stærri sambönd hefði lækkað. Einnig væri breyting á samsetningu stofnlína fyrir ATM kerfi Símans, þar sem stærri stofnlínum á SDH hefði fækkað töluvert frá síðustu kostnaðargreiningu. Hækkun á mánaðargjöldum á IP stofnlínum mætti rekja að hluta til breytinga sem voru gerðar um áramótin 2008/2009 en þá var samböndum í IP/MPLS neti Símans breytt.

Síminn lagði fram verðdæmi um áhrif á verðskrá og lengdarmælingum fyrir og eftir gjaldskrárbreytingu. Í dæmi Reykjavík-Akureyri hækkar 10 Mb/s samband um 7%, en 100 Mb/s samband Reykjavík-Borgarnes lækkar um 30%.

Síminn óskaði eftir því að fá að fella niður verð fyrir ATM stofnlínur úr gjaldskrá. Skýringin væri sú að útbreiðsla ATM netkerfis Símans færi minnkandi með hverju ári, þar sem aukin umferð er að flytjast yfir á IP/MPLS netið frá ATM netinu. Þegar væri búið að flytja stóran hluta ATM tenginga yfir. Auk þess kom fram hjá Símanum að engin ytri sala væri á ATM tengingum hjá félaginu.

⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.



2.2 Endurskoðuð kostnaðargreining - Lúkningarluti leigulína (markaður 13)

Gjaldskrá Símans er byggð á gildandi gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína á hverjum tíma að viðbætti 20% umsýsluþóknun Símans, m.a. vegna sölu, skráninga og reikningagerðar vegna endursölu Símans á leigulínum Mílu.

Síminn uppfærði verðskrá sína fyrir lúkningarluta leigulína miðað við verðskrá Mílu, dags. 1. ágúst 2011.

1.1. Leiga á notendalínunum án endabúnaðar

Grunnlína fyrir gagnaflutning	Tveir leggir		Einn leggur	
	Mánaðarverð	Stofnverð	Mánaðarverð	Stofnverð
Grunnlína 2ja víra fyrir gagnaflutning	2.936	15.960	1.469	7.980
Grunnlína 4ra víra fyrir gagnaflutning	5.873	15.960	2.936	7.980

Hliðræn lína innan stöðvarsvæðis fyrir tal frá 300 - 3400 hz	Tveir leggir		Einn leggur	
	Mánaðarverð	Stofnverð	Mánaðarverð	Stofnverð
2ja víra lína	2.208	15.960	1104	7.980
4ra víra lína	4.416	15.960	2.208	7.980

Stafræn lína í notendakerfi, innan sama stöðvarsvæðis	Tveir leggir		Einn leggur	
	Mánaðarverð	Stofnverð	Mánaðarverð	Stofnverð
64 Kbita	3.617	86.808	2.578	71.380
128 Kbita	3.617	86.808	2.578	71.380
256 Kbita	6.266	86.808	3.902	71.380
512 Kbita	6.708	86.808	4.123	71.380
2 Mbita	7.591	86.808	4.565	71.380

Stafræn lína á milli stöðvarsvæða	Tveir leggir	
	Mánaðarverð	Stofnverð
64 Kbita	5.154	154.758
128 Kbita	5.154	154.758
256 Kbita	7.804	154.758
512 Kbita	8.245	154.758
2 Mbita	9.128	154.758

1.2. Sérlausnir á etherneti

Verð fyrir tengingu	Mánaðarverð Stofnverð	
	1.526	3.540

1.3. Ljós lína

	Mánaðarverð Stofnverð	
Ljós lína, notendalínuhluti, eitt par	19.900	116.016
Ljós lína, notendalínuhluti, einn þráður	13.930	116.016

* Engir afslættir gilda um vörur í aðgangshluta leigulína.



1.4. Flutningur	Verð
Grunn/ hliðræn lína (Innan svæðis)	10.576
Stafræn lína innan svæðis	37.398
Stafræn lína á milli svæða	54.162

1.5. Breytingar á flutningsgetu	Verð
Stafræn lína innan svæðis	20.117
Stafræn lína á milli svæða	33.528
Stafræn lína, einn leggur innan svæðis	16.764

1.6. Afturköllun	Verð
Vinna hafin við uppsetningu á línu	10.576
Vinna hafin við uppsetningu á endabúnaði	43.586

3 Niðurstaða PFS

3.1 Inngangur

Í kostnaðargreiningu Símans sem hér er til umfjöllunar eru heildsöluverð stofnlínuhluta leigulína (markaður 14) og lúkningarluta leigulína (markaðir 6, áður 13). Byggt er á sögulegum kostnaði í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins, sbr. ákvörðun nr. 20/2007.

Í ákvörðunum PFS, nr. 20/2007 (markaðir 13 og 14), kom fram að gjaldskrá fyrir leigulínur Símans sem tilheyrðu viðkomandi mörkuðum myndu fyrst um sinn byggjast á kostnaðarlíkani sem heimfærir sögulegan kostnað á einstaka þætti starfseminnar, þ.e. þar sem kostnaður og tekjur verða til að teknu tilliti til sambærilegar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt. PFS myndi jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra sé að styðjast við kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC⁸ aðferðina frekar en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

PFS bendir á að sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir á Símanum, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Verður krafa fyrirtækisins því að grundvallast á ígrundaðri umfjöllun þar sem allir þættir eru teknir til greina. Í því sambandi lagði PFS kvöð á Símann um kostnaðarbókhald og skyldi Síminn afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi leigulínur og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði.

Við val á aðferð til ákvörðunar gjaldskrár telur PFS rétt að leggja áherslu á að aðferðin gefi kost á niðurstöðu sem er sanngjörn fyrir neytendur og á sama tíma í takt við kostnað hagkvæms rekens fjarskiptanets. Þær leiðir sem helst koma hér til greina nú eru að nota aðferð sem byggir á sögulegum kostnaði Símans samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðargreiningu eða byggja á verðsamanburði við gjaldskrár í EES-ríkjum.

Í 32. gr. áður nefndra fjarskiptalaga segir enn fremur að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem er hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrár á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

PFS byggir aðferðarfræði sína við yfirferðina á 32. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, reglugerð, nr. 564/2011, um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, ERG Common Position⁹ og Commission Recommendation (2005/698/EC)¹⁰, IRG Regulatory Accounting¹¹ og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB varðandi afskipti eftirlitsstofnana af

⁸ Langtíma viðbótarkostnaður.

⁹ ERG Common Position – Guidelines for implementing the Commission Recommendation C (2005) 3480 on Accounting Separation & Cost Accounting Systems under the regulatory framework for electronic communications - ERG (05) 29. ERG's Common Position on symmetry of fixed call termination rates and symmetry of mobile call termination rates ((ERG (07) 83 final 080312).

¹⁰ COMMISSION RECOMMENDATION of 19 September 2005 on accounting separation and cost accounting systems under the regulatory framework for electronic communications (2005/698/EC).

¹¹ IRG Principles of Implementation and Best Practice for WACC calculation – February 2007.



lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum.¹² Styðst stofnunin einnig við úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, viðurkenndra upplýsingaveitna eins og Bloomberg, Ibbotson og Cullen International, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum. Loks hefur PFS niðurstöður einstakra systurstofnana í Evrópu, í kostnaðargreiningu leigulína, til hliðsjónar. Upphæðir eru án virðisaukaskatts ef annað er ekki tekið fram.

3.2 Niðurstaða

3.2.1 Almennt

PFS samþykkir aðferðarfræði Símans við kostnaðargreiningu á verðum fyrir stofnlínuhluta leigulína. PFS samþykkir forsendur og útreikninga Símans, en breytir WACC prósentu úr 8,52% í 8,75% í árgreiðsluútreikningum til samræmis við mat PFS á ávöxtunarkröfu vegna ársins 2010. Jafnframt samþykkir PFS þá aðferð Símans að leggja álag á gjaldskrá Mílu fyrir aðgangshluta leigulína þegar um endursölu er að ræða.

3.2.2 Ávöxtunarkarfa fjármagns (WACC)

Í 16. gr. reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og kostnaði skulda.

Ávöxtunarkrafa

Áhættulausir vextir	4,24%
Óvoguð beta	0,50
Voguð beta	0,72
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	7,84%
Áhættulausir vextir	4,24%
Skuldaálag	3,00%
Kostnaður skulda	7,24%
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	18%
Kostnaður skulda eftir skatta	5,94%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	7,84%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	9,57%
WACC eftir skatta (post-tax)	7,18%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	8,75%

¹² COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.



Niðurstaða PFS er að vegið meðal fjármagnskostnaðar (WACC real) fyrir Símans sé 8,75% fyrir árið 2010 í ofangreindum útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns. Ekki er tekið tillit til stöðu veltufjár og -skulda í útreikningum PFS að þessu sinni.

3.2.3 Verð Símans fyrir stofnlínuhluta leigulína

PFS samþykkir forsendur og útreikninga Símans, en endurreiknar verð með tilliti til hækkunar á fjárfestingarkostnaði vegna breytingar á WACC prósentu úr 8,52% í 8,75%. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðu útreikninga PFS.

<i>Lýsing</i>	<i>Fast gjald á mánuði</i>	<i>Kílómetragjald á mánuði</i>
ATM stofnlínur		
ATM 2Mb/s	16.546	562
ATM 45Mb/s	57.486	1.954
ATM 155Mb/s	94.278	3.204
IP stofnlínur		
IP/MPLS 256kb/s	3.936	413
IP/MPLS 256kb/s	5.194	545
IP/MPLS 2Mb/s	8.958	941
IP/MPLS 4Mb/s	11.820	1.241
IP/MPLS 6Mb/s	13.902	1.460
IP/MPLS 10Mb/s	17.053	1.791
IP/MPLS 100Mb/s	42.835	4.498

Miðað við meðallengd leigulína þá lækka almenn sambönd sem eru stærri en 2 Mb/s, en minni sambönd hækka í verði. Breyting á verði einstakra leigulína er háð stærð, lengd og fjölda hnútpunkta sem línan liggur í gegnum. Í framangreindum dæmum Símans var annars vegar um 7% hækkun að ræða og hins vegar um 30% lækkun.

Síminn óskar jafnframt eftir því að fá að fella niður verð fyrir ATM stofnlínur úr gjaldskrá. Skýringin er sú að útbreiðsla ATM netkerfis Símans fer minnkandi með hverju ári, þar sem aukin umferð er að flytjast yfir á IP/MPLS netið frá ATM netinu. Þegar væri búið að flytja stóran hluta ATM tenginga yfir. PFS telur ekki rétt á þessu stigi að fella ATM stofnlínur úr gjaldskrá Símans. ATM stofnlínur eru enn tæplega helmingur af samanlögðum IP og ATM stofnlínum. Verðlagning stofnlína er nauðsynleg við bókhaldslega aðgreiningu auk þess að vera hluti þeirrar kostnaðargreiningar sem verðlagning stofnlína byggir á. Þegar fyrir liggur og tilkynnt hefur verið um að leggja niður ATM kerfið með a.m.k. sex mánaða fyrirvara þá er að mati PFS komin forsenda fyrir því að ATM stofnlínur verði fellar niður úr gjaldskrá félagsins.

3.2.4 Verð Símans fyrir lúkningarhluta leigulína

Eins og fram kemur hjá Símanum er gjaldskrá félagsins byggð á gildandi gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína á hverjum tíma að viðbætti 20% umsýsluþóknun Símans, m.a. vegna sölu, skráninga og reikningagerðar vegna endursölu Símans á leigulínum Mílu. Í erindi sínu reiknar Síminn ný verð fyrir lúkningarhluta leigulína miðað við gjaldskrá Mílu, dags. 1. ágúst 2011.



PFS gerir ekki athugasemd við aðferð Símans við verðlagningu á lúkningarhluta leigulína og telur allt að 20% umsýsluþóknuninnar eðlilegra marka í þessu tilfalli og í samræmi við fordæmi um fyrri framkvæmd.

Gert er ráð fyrir að ný gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína taki gildi þann 1. mars 2012, sbr. ákvörðun PFS, nr. 34/2011, varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á gjaldskrá fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 13, nú 6). Verð Mílu fyrir notendalínur og Ethernet tengingar (EyK) breytast og er Símanum heimilt að breyta verðum sínum til samræmis á sama tíma og Míla.

Hvað varðar aðrar vörur og þjónustur vegna lúkningarhluta leigulína, s.s. sérlausnir á Etherneti og ljóslína, haldast verð Mílu óbreytt frá því sem er í gjaldskrá félagsins, dags. 1. ágúst 2011. Því gilda útreikningar Símans hér að framan um viðkomandi þjónustur.

Síminn þarf að tilkynna leigutökum framangreindar verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.



ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans hf. á stofnlínuhluta leigulína og lúkningarhluta leigulína, dags. 20. október 2011, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari. Stofngjöld og mánaðarleg leigugjöld skulu vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa.

Hin nýja gjaldskrá Símans hf. skal ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. mars 2012, enda tilkynni Síminn hf. leigutökum um verðskrárbreytingarnar með a.m.k. 60 daga fyrirvara, sbr. 3. kafla viðmiðunartilboða félagsins um IP/ATM stofnlínur og um lúkningarhluta leigulína, dags. 1. mars 2011. Hin nýja gjaldskrá Símans hf. skal verða hluti af viðmiðunartilboðum félagsins fyrir leigulínur.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 22. desember 2011.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri.

Óskar Þórðarson.



Viðauki I

við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 36/2011

Gjaldskrá fyrir IP/ATM stofnlínur Símans

Greitt er fast leigugjald á mánuði auk kílómetragjalds.

Stofngjald greiðist samkvæmt gjaldskrá Símans um útselda vinnu og kostnaðarverði viðkomandi búnaðar.

Öll verð eru í krónum og án virðisaukaskatts.

Mánaðargjöld

<i>Lýsing</i>	<i>Fast gjald á mánuði</i>	<i>Kílómetragjald á mánuði</i>
ATM stofnlínur		
ATM 2Mb/s	16.546	562
ATM 45Mb/s	57.486	1.954
ATM 155Mb/s	94.278	3.204
IP stofnlínur		
IP/MPLS 256kb/s	3.936	413
IP/MPLS 256kb/s	5.194	545
IP/MPLS 2Mb/s	8.958	941
IP/MPLS 4Mb/s	11.820	1.241
IP/MPLS 6Mb/s	13.902	1.460
IP/MPLS 10Mb/s	17.053	1.791
IP/MPLS 100Mb/s	42.835	4.498

Gjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína Símans

Við tengingu greiðist stofngjald og síðan fast verð á mánuði óháð vegalengd.

Símanum er heimilt að leggja allt að 20% umsýsluálag á gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína á hverjum tíma.